

Hellaferðir slf.
Gufuskálum
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 3. febrúar 2020
UST202001-130/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Snæfellsjökull

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hellaferða slf., dagsett 27. ágúst 2019, um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sótt er um leyfi til að fara um Þjóðgarðinn með ferðamenn gangandi, á skíðum og á tækjum svo sem snjóbíl og vélsleðum.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimilt í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Mannvirkjagerð, efnistaka og hverskonar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 18. gr. reglugerðarinnar.

Lýsing verkefnis:

Hellaferðir slf. sækja um endurnýjun á leyfi til að vera með ferðaþjónustu innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Fyrst og fremst er boðið uppá gönguferðir og skíðaferðir en einnig eru notast við rútu, snjóbíl og vélsleða. Þau tæki eru notuð á vegum og/eða á snjó. Í gögnum frá umsækjanda kemur fram að haft er samráð við aðra ferðaþjónustuaðila að lágmarka lýti á snjó og leiðarvali hagað samkvæmt því. Helstu merki eru för í snjó, sem er reynt að halda í lágmarki. Starfsmenn á svæðinu eru 8-10. Bækistöðvar Hellaferða slf. eru að Gufuskálum, þar sem búnaður og tæki eru geymd. Móttaka gesta er á 6 stöðum á Snæfellsnesi en 3 þeirra eru innan Þjóðgarðsins, að Gufuskálum, við afleggjara vegar nr. 574 og Eysteinsdal og á bílastæði við Vatnshelli.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Þau áhrif sem verða eru fyrst og fremst sýnileg á starfstíma en eru talin afturkræf. Hluti að verkefninu er að fræða gesti um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á jökla. Engar fágætar tegundir, vistgerðir eða jarðminjar eru á tilgreindum stað. Eingöngu er um snævi þakið svæði að ræða og ummerki hverfa fljótt. Jökullinn er einnig sóttur af göngufólki sem þjónustuferðum með vélknúnum tækjum og getur hávaði frá tækjum haft neikvæð áhrif á gangandi gesti. Viðbragðsáætlun og verklagsreglur fylgdu með umsókn, þar er farið yfir reglur, umgengni, kröfur til starfsmanna. Bæði viðbragsáætlunin og verklagsreglurnar eru yfirfarnar á hverju ári áður en tímabil ferðar hefst.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hellaferðum slf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir ferðapjónustu innan Þjóðgarðsins sbr. lýsingu hér að ofan 23. janúar 2020 – 23. janúar 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umgengisreglum Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls samkvæmt reglugerð nr. 568/2001 verði fylgt og þær kynntar fyrir viðskiptavinum.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á umfangi verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn. Leki mengandi vökvi á jökulinn skal það fjarlæggt samstundis. Ef mengunarslys verður á jöklinum vegna starfseminnar skal þegar tilkynna það til Umhverfisstofnunar.
- Lágmarka skal rask á svæðinu, ekki skal ýta snjó nema öryggis krefjist og þá óverulega.
- Forðast ber að þenja tæki eða stunda hraðakstur.
- Þess skal gætt að akstur fari fram að mestu á sama svæði og forðast ber að mynda óþarfa slóða.
- Allur akstur utan vegar er óheimill og skulu farleiðir að og frá jökli valdar með það í huga.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður af jöklinum.
- Tryggja skal að öryggisáætlun sé til staðar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verði atvinnustefna og stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Snæfellsjökulspjóðgarð samþykkt á gildistíma leyfis skal miða starfsemi við þær áherslur og skilyrði.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Starfsmenn Snæfellsjökulspjóðgarðs sinna reglubundnu eftirliti á svæðinu.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústdóttir
settur forstjóri



Jón Björnsson
Þjóðgarðsvörður